

Bæjarstjórn Snæfellsbæjar

FUNDARBOÐ – 371. FUNDUR

Fundur er boðaður í bæjarstjórn Snæfellsbæjar, fimmtudaginn 4. maí 2023 og hefst hann í **Ráðhúsi Snæfellsbæjar kl. 16:00**.

Dagskrá bæjarstjórnarfundarins:

- 1) Ársreikningur Snæfellsbæjar og stofnana hans fyrir árið 2022. Seinni umræða. Endurskoðendur mæta á fundinn.
- 2) Fundargerð 13. fundar framkvæmdateymis Snæfellsbæjar, dags. 28. apríl 2023.
- 3) Fundargerð 170. fundar umhverfis- og skipulagsnefndar, dags. 2. maí 2023.
- 4) Fundargerð 451. fundar stjórnar Hafnasambands Íslands, dags. 24. mars 2023.
- 5) Fundargerð 452. fundar stjórnar Hafnasambands Íslands, dags. 19. apríl 2023.
- 6) Fundargerð 921. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélags, dags. 30. mars 2023.
- 7) Fundargerðir 922., 923. og 924. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 31. mars, 5. apríl og 17. apríl 2023.
- 8) Fundarboð aðalfundar Félags- og skólapjónustu Snæfellinga, dags. 2. maí 2023.
- 9) Minnisblað frá SSV varðandi fræðsluferð fyrir sveitarstjórnarfulltrúa til Skotlands árið 2023.
- 10) Fundarboð aðalfundar Landskerfis bókasafna hf, dags. 9. maí 2023.
- 11) Bréf frá íþróttá- og æskulýðsfulltrúa, dags. 2. maí 2023, varðandi samvinnuverkefni HA í sjávarútvegi og vinnuskóla Snæfellsbæjar.
- 12) Bréf frá íþróttá- og æskulýðsfulltrúa, dags. 2. maí 2023, varðandi sumarnámskeið 2023.
- 13) Bréf frá leikskólastjóra, dags. 27. apríl 2023, varðandi ósk um aukafjárveitingu til að koma til móts við aukinn matarkostnað í leikskólanum 2023.
- 14) Bréf frá skólastjóra, dags. 25. apríl 2023, varðandi ósk um aukafjárveitingu til að koma til móts við aukinn matarkostnað í skólanum 2023.
- 15) Úthlutunaregglur vegna akstursstyrks Snæfellsbæjar til UMF Staðarsveitar.
- 16) Bréf frá Vegagerðinni, dags. 21. apríl 2023, varðandi tilkynningu um breyttan endapunkt Staðastaðarvegar nr. 5706-01.
- 17) Bréf frá Vegagerðinni, dags. 21. apríl 2023, varðandi tilkynningu um fyrirhugaða niðurfellingu Axlarvegar nr. 5724-01 af vegaskrá.
- 18) Tillaga að reglum Snæfellsbæjar um úthlutun á leiguibúðum – með viðbótum og athugasemendum velferðarnefndar.
- 19) Minnispunktar bæjarstjóra.

Snæfellsbæ, 2. maí 2023
Kristinn Jónasson, bæjarstjóri

13. fundur framkvæmdateymis Snæfellsbæjar haldinn 28. apríl 2023 í fundarsal Ráðhússins og hófst hann kl. 09:00.


Mætt: Kristinn Jónasson, Vagn Ingólfsson, Matthías Páll Gunnarsson, Ævar Sveinsson, Baldvin Leifur Ívarsson, Björn Arnaldsson og Ragnar Mar Ragnarsson.

- 1) Björn fór yfir neðangreinda punkta um framkvæmdir á vegum Hafnarsjóðs:
 - a) Framkvæmdir við þekju og lagnir á Norðurtanga í Ólafsvík halda áfram. Verið er að undirbúa vinnu við nýja heimtaug, vatns og rafmagnsbúnað inni í nýju masturshúsi. Verktakinn við þekjuna mætir á svæðið í viku 19.
 - b) Endurbætur á hafnarhúsinu í Ólafsvík halda áfram, verið er að vinna við breytingar innan húss og undirbúa viðbyggingu og framkvæmdir utan húss.
 - c) Vinna við dýpkunarframkvæmdir í innsiglingunni til Rifshafnar er stopp eins og áður hefur komið fram.
 - d) Búið er að hanna og teikna stækkun og hækjun á trébryggju við gafl stálpils við Norðurtanga í Ólafsvík. Verkið verður boðið út í viku 19.
 - e) Vegagerðin hefur lagt fram tillögu að endurbótum á sjóvörn við Marbakka í Staðarsveit og er rætt við húseigendur um málið. Málið er í bið.
 - f) Vegagerðin hefur undirritað samning við Flakkarn ehf. á Brjánslæk vegna framkvæmda við 3 sjóvarnaverkfni í Snæfellsbæ þ.e. við Ólafsbraut og Ennisbraut í Ólafsvík og á Hellnum. Framkvæmdir eru byrjaðar við Ólafsbraut.
 - g) RARÍK er búið að tengja og gagna frá nýri heimtaug í nýtt masturshús við Norðurgarð í Ólafsvík og er verið að vinna við lokafrágang á rafmagni.
 - h) Unnið er að undirbúningi vegna malbiksframkvæmda hjá hafnarsjóði n.k. summar.
 - i) Búið er að dýptarmæla hafnarsvæði Ólafsvíkurhafnar.
 - j) Verið er að setja upp nýjan löndunarkrana við Norðurtanga í Ólafsvík.
- 2) Ævar fór yfir framkvæmdir:
 - a) Unnið er við Ólafsbraut 23 og er frágangi lokið að utan við húsið.
 - b) Búið er að setja rafmagnsgrind og rafmagn í milliloftið og gifsklæða veggi. Pípulögn er komin að ofnum.
 - c) Farið holuviðgerðir á Arnarstapa á vegum og plönum.
 - d) Frárennsli við ný hús á Grundarslóð á Arnarstapa.
 - e) Verið er að skipta út rotþró á tjaldstæðinu í Ólafsvík.
 - f) Gangstéttir voru sópaðar og götusópur kemur í byrjun næstu viku,
- 3) Leifur fór yfir framkvæmdir
 - a) Lokið við að setja upp innréttningar á Jaðri ásamt ýmsu smálegu.
 - b) Verið að lagfæra kaffistofu í Tónlistarskólanum í Ólafsvík .
 - c) Lagfærð stofuhurð Keflavíkurgötu 12.
 - d) Ýmsum öðrum smáverkefni sinnt.
 - e) Ýmis smáverkefni á leikskólum m.a. töflur og skápar.
- 4) Vagn fór yfir framkvæmir í skólamannvirkjum:
 - a) Það er verið að bolla/hreinsa veggi á húsnaði Grunnskólans á Hellissandi og líkur því verki í næstu viku.
 - b) Búið að panta gólfduk á eldhúsið í Grunnskólanum í Ólafsvík og verður hann settur á í næstu viku.
 - c) Verið að vinnu í herbergi í gamla skólanum í Ólafsvík.
 - d) Búið er að setja upp kerfisloft í kennslurými í Grunnskólanum í Ólafsvík og lýsingu.
 - e) Búið er að setja upp áfellur á þak við austur og vestur gafla í Grunnskólanum í Ólafsvík.
 - f) Heilbrigðiseftirlit kom í Grunnskólann á Hellissandi og þarf að laga ýmislegt smálegt.

Oræ *MPa* *BH* *J*
Btr *X*

- 5) Matthías fór yfir framkvæmdir í íþróttamannvirkjum/slökkvilið:
- Unnið að undirbúningi við uppsetningu á vatnsrennibraut við sundlaugina í Ólafsvík og er að mörgu að hyggja í því.
 - Búið er að fá ráðgjafa til að aðstoða við hönnun á dælubúnaði fyrir rennibrautina.
 - Varmadæla bilaði en viðgerð er lokið.
 - Unnið var við lagfæringsá fótboltavellinum í Ólafsvík.
 - Unnið við ýmis minni verkefni í sundlaugarkjallara.
 - Búið er að hreinsa allt dót úr íþróttahúsini á Hellissandi.
 - Búið er að gera við slökkvibifreið en laga þurfti dælu og annað smálegt.
 - Unnið við að lagfæra innréttigar á slökkvistöð.
 - Búið er að setja upp ljósleiðara í bókasafn og tónlistarskóla.
- 6) Ragnar fór yfir ýmsar framkvæmdir:
- Það er verið að kortlegga lausar lóðir í sveitarfélagini sem verða síðan birtar á vefsjánni.
 - Auglýsingatími liðinn fyrir breytingar á skipulagi fyrir Krossavík og Dritvíkurveg og unnið er að svörum við athugasemendum.
 - Gluggar fyrir Kríuból eru komnir til landsins og verður farið að koma þeim fyrir í sumar.
 - Verið er leita tilboða fyrir fallvarnir á lóð leikskólans á Hellissandi.
 - Umsóknarfrestur fyrir sumarstörf eru að renna út í dag en ákveðið að framlengja umsóknarfrest um viku.
 - Unnið var við hönnun á undirstöðum fyrir rennibraut í Ólafsvík.
 - Það eru ráðgjafar frá LZT consulting sem eru að koma til landsins 16. maí til að fara yfir hönnun á útrásum í þéttbýli Snæfellsbæjar.
 - Það er verið að vinna við styrkumsókn til að bæta aðgengi að sundlauginni í Ólafsvík að utan.
- 7) Kristinn fór yfir nokkra punkta:
- Verið er að undirbúa malbiksframkvæmdir sumarsins.
- 8) Næsti fundur verður þriðjudaginn 6. júní kl. 09:00.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 10:28


Kristinn Gunnarsson
Björn Árnalosson
Matthias Pöll Gunnarsson
Óscar Þorsteins
Baldrich Gras
Ríkars Þorsteinsson

UMHVERFIS- OG SKIPULAGNEFND SNÆFELLSBÆJAR

**Umhverfis- og skipulagsnefnd - 170170. fundur umhverfis- og
skipulagsnefndar
haldinn í Ráðhúsi Snæfellsbæjar, þriðjudaginn 2. maí 2023
og hófst hann kl. 10:00.**

Fundinn sátu:

Halldór Kristinsson, Illugi Jens Jónasson, Magnús Eiríksson, Kristjana Hermannsdóttir, Ragnar Már Ragnarsson, Hallveig Hörn Þorbjargardóttir, Hildigunnur Haraldsdóttir og Valgerður Hlín Kristmannsdóttir.

Fundargerð ritaði: Valgerður Hlín Kristmannsdóttir, Aðstoðarmaður skipulags- og byggingarfulltrúa.

Dagskrá:

1. ASK og DSK_Krossavík - Breyting aðalskipulags og nýtt deiliskipulag - 2203012

Breyting aðalskipulags Snæfellsbæjar 2015-2031 og nýtt deiliskipulag við Krossavík með breytingum lagt fram vegna fram kominna umsagna fagaðila og athugasemda einstaklinga ásamt tillögu að svörum Snæfellsbæjar.

Umhverfis- og skipulagsnefnd hefur yfirfarið gögnin og samþykkir að beina aðalskipulagsbreytingu til Skipulagsstofnunar til staðfestingar í samræmi við 32. gr. skipulagslaga og ganga frá gildistöku deiliskipulags í kjölfarið. Umhverfis- og skipulagsnefnd fer fram á að við lóðarúthlutun verði eftirsarandi kvaðir á lóð:

- Lóðarhafi geri stig vestan mannvirkja og innan framkvæmdarreits.
- Lóðarhafi geri bómu eða hlið við bílastæði í samráði við eigendur/rekstraraðila Hvítahússins.
- Öll utanhússlýsing verði lágstemd.
- Snæfellsbær mun ekki koma að gerð sjóvarnargarða.

Umhverfis- og skipulagsnefnd þakkar fyrir innsendar umsagnir og athugasemdir. Framlögð svör verða send til viðkomandi aðila.

Samþykkt

2. ASK og DSK - Djúpalónssandur_Breyting aðalskipulags og nýtt deiliskipulag - 2209001

Breyting aðalskipulags Snæfellsbæjar 2015-2031 og nýtt deiliskipulag vegna Driftvíkurvegar og Djúpalónssands lagt fram ásamt umsögnum frá fagaðilum ásamt tillögu að svörum Snæfellsbæjar og svar Umhverfisstofnunar til Náttúrufræðistofnunar Íslands.

Gögn yfirfarin og samþykkt að beina aðalskipulagsbreytingu til Skipulagsstofnunar til staðfestingar í samræmi við 32. gr. skipulagslaga og ganga frá gildistöku deiliskipulags í kjölfarið.

Samþykkt

UMHVERFIS- OG SKIPULAGNEFND SNÆFELLSBÆJAR

3. HH sendir inn fyrirspurn um land undir lítil íbúðarhús - 2304023

Hraðfrystihús Hellissands sendir inn fyrirspurn um land undir 10 - 20 lítil íbúðarhús. Sjá meðfylgjandi gögn.

Umhverfis- og skipulagsnefnd felur tæknideild að vinna málið áfram með unsækjanda varðandi staðsetningu og húsagerðir.

Kynnt

4. Vallholt 9 - Umsókn um 17 fm viðbyggingu - 2304021

Guðbjörn Sigfús Egilsson sækir um leyfi til að gera 17 fm viðbyggingu framan við hús sitt að Vallholti 9. Viðbygging verður úr forsteyptum einingum með hefðbundnu einhalla timburþaki.

Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir erindið með fyrirvara um grenndarkynningu fyrir lóðarhöfum Vallholts 6, 7, 8, 10 og 11.

Samþykkt

5. Grundarbraut 32 - Umsókn um leyfi fyrir 9 fm svölum - 2304016

Daði Rúnar Einarsson sækir um leyfi fyrir tæplega 9 fm svölum á sunnanverðu húsi sínu að Grundarbraut 32. Svalirnar eru fyrsti hluti áætlaðra framkvæmda en í kjölfarið verður útbúinn stigi niður á fyrirhugaðan pall á jarðhæð.

Kristjana víkur affundi.

Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir erindið með fyrirvara um grenndarkynningu fyrir lóðarhöfum Grundarbrautar 34.

Kristjana kemur aftur inn á fund.

Samþykkt

6. Nónhóll_umsókn um 10 fermetra viðbyggingu við austurhlið húss - 1707006

Jón Jóel Einarsson sækir um endurnýjun byggingarleyfis vegna áætlaðrar 10 fm viðbyggingar á Nónhóli, Arnarstapa.

Umhverfis- og skipulagsnefnd bendir á að byggingarleyfið er fallið úr gildi og sækja þarf formlega um að nýju.

Hafnað

7. Drítvikurvegur - Umsókn um stöðu- og framkvæmdarleyfi vegna bráðabirgða salerna - 2304009

Umhverfisstofnun óskar eftir því að fá stöðuleyfi fyrir bráðabirgðasalerni við Drítvikurveg í samræmi við nýauglýst deiliskipulag. Núverandi salerni standa við bílastæði Djúpalónssands.

Jafnframt óskar Umhverfisstofnun eftir því að fá framkvæmdarleyfi til að koma bæði vatni og rafmagni frá námustæði ofan við þjóðveg að bráðabirgðasalernum sem og gera malarsvæði vegna bílastæði við salernin skv. deiliskipulagi. Búið er að sækja um leyfi til Vegagerðarinnar vegna lagna sem fara undir þjóðveginn.

Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir erindið.

UMHVERFIS- OG SKIPULAGNEFND SNÆFELLSBÆJAR

Samþykkt

8. Sáið_Nefnd Ólafsvíkurvöku 2023 sækir um leyfi fyrir pulsuvagni - 2305003

Viktoría Guðbjartsdóttir sækir fyrir hönd nefndar Ólafsvíkurvöku 2023 um stöðuleyfi fyrir pulsuvagni sem standa á helgina 30. júní - 2. júlí 2023.

Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir stöðuleyfi en bendir á að umsækjandi þurfi að útvega allar tengingar.

Samþykkt

9. Brautarholt 7_Umsókn um leyfi fyrir 5 bílastæðum innan lóðar - 2304004

Ólafsvík Guesthouse ehf. sækir um leyfi fyrir 5 bílastæðum (14x9 metrar) í suðvesturhluta lóðarinnar að Brautarholti 7.

Umhverfis- og skipulagsnefnd óskar eftir frekari gögnum sem verði það skýr að unnt verði að grenndarkynna málið áður en nefndin tekur afstöðu.

Í vinnslu

10. Munaðarhóll 23_Umsókn um niðurrif á sólskála - 2304017

Friðrik Kristjánsson sækir um leyfi til að rífa niður sólhýsi sem stendur fyrir sunnan hús hans að Munaðarholi 23. Sólhýsið stendur á steypum sökkli og plötu. Áformað er að gera varanlegri og sambærilega viðbyggingu úr timburveggjum með timburþaki í kjölfarið.

Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir niðurrif. Tekið er jákvætt í endurupþbyggingu en skila þarf fullnægjandi gögnum.

Samþykkt

11. Önnur mál - Umhverfis- og skipulagsnefnd 2023 - 2302015

- Bílastæðamál á Arnarstapa rædd
- Selhóll á Hellissandi ræddur
- Umferðaröryggi rætt

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 12:00.

Fundargerð 451. fundar

stjórnar Hafnasambands Íslands

Árið 2023, föstudaginn 24. mars kl. 11:30 kom stjórn Hafnasambands Íslands saman til fundar í Allsherjarbúð, Borgartúni 30 í Reykjavík.

Fundinn sátu: Lúðvík Geirsson, Gunnar Tryggvason, Pétur Ólafsson, Hanna Björg Konráðsdóttir, Arnfríður Eide Hafþórsdóttir, Þórdís Sif Sigurðardóttir, Elliði Vignisson, Alexandra Jóhannesdóttir, Björn Arnaldsson og Dóra Björk Gunnarsdóttir. Arnfríður Eide Hafþórsdóttir og Elliði Vignisson tóku þátt í fundinum í gegnum fjarfundarbúnað.

Að auki sat fundinn: Flosi Hrafn Sigurðsson, lögfræðingur og Valur Rafn Halldórsson svíðsstjóri, sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Petta var tekið fyrir:

1. Fundargerð 450. fundar - 2301001HA

Lögð fram til kynningar fundargerð 450. fundar stjórnar hafnasambandsins frá 17. febrúar 2023 sem undirrituð hefur verið með rafrænum hætti.

2. Umsögn um frumvarp til breytinga á hafnalögum nr. 61/2003 - EES innleiðing - 2303002HA

Lögð fram til kynningar umsögn hafnasambandsins til umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis, dags. 6. mars 2023, um frumvarp til breytinga á hafnalögum nr. 61/2003 - EES innleiðing, 712. mál.

Gunnar Tryggvason gerði grein fyrir fundi sem hann átti með umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis, dags. 16. mars sl.

3. Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á hafnalögum nr. 612003 - gjaldtaka o.fl. - 2303001HA

Lögð fram til kynningar umsögn hafnasambandsins til innviðaráðuneytisins, dags. 6. mars 2023, um frumvarp til laga um breytingu á hafnalögum nr. 61/2003 um gjaldtökum o.fl., mál nr. S-37/2023.

Flosi Hrafn Sigurðsson, lögfræðingur á lögfræði- og velferðarsviði Sambands íslenskra sveitarfélaga, fór yfir þær breytingar sem hafa verið gerðar á frumvarpinu og bar þær saman við þær athugasemdir sem hafnasambandið gerði við frumvarpið.

4. Tillaga hafnasambandsins að nýjum hafnalögum - 2301003HA

Lögð fram að nýju tillaga að nýjum hafnalögum, áður á dagskrá stjórnar hafnasambandsins 17. febrúar 2023.

5. Veiðafærasamningur við SFS - samstarfsráð - 2012002HA

Lögð fram að nýju drög að samstarfsyfirlýsingum milli Hafnasambands Íslands, Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi og Sambands íslenskra sveitarfélaga um ráðstafanir til að stuðla að bættri söfnun og úrvinnslu veiðarfæraúrgangs,

- dags. 14. febrúar 2023. Formaður gerði grein fyrir stöðu mála.
Flosi Hrafn fór af fundi kl. 12:10.
6. **Orkuskipti í höfnum og haftengdri starfsemi - 2303003HA**
Formaður gerði grein fyrir fundi sem hann átti við fulltrúa umhverfisráðuneytisins 9. mars sl.
- Gunnar Tryggvason vék að fundi kl. 12:25.
7. **Dagskrá hafnafundar 2023 - 2211002HA**
Lögð fram fyrstu drög að dagskrá hafnafundar sem haldinn verður í ráðstefnusal Hafrannsóknarstofnunar í Hafnarfirði 20. október 2023.
Stjórn þakkar fyrir þessar tillögur og felur fræðslunefnd að vinna málid áfram.
8. **Fundargerð Siglingaráðs - 2009019HA**
Lögð fram til kynningar fundargerð 38. fundar Siglingarráðs frá 2. febrúar 2023.

Fundi var slitið kl. 13:00

Lúðvík Geirsson

Gunnar Tryggvason

Pétur Ólafsson

Hanna Björg Konráðsdóttir

Arnfríður Eide Hafþórsdóttir

Pórdís Sif Sigurðardóttir

Elliði Vignisson

Alexandra Jóhannesdóttir

Björn Arnaldsson

Dóra Björk Gunnarsdóttir

Fundargerð 452. fundar

stjórnar Hafnasambands Íslands

Árið 2023, miðvikudaginn 19. apríl kl. 11:30 kom stjórn Hafnasambands Íslands saman til fundar og fór hann fram í gegnum fjarfundarbúnað.

Fundinn sátu: Lúðvík Geirsson, Gunnar Tryggvason, Pétur Ólafsson, Arnfríður Eide Hafþórsdóttir, Þórdís Sif Sigurðardóttir, Elliði Vignisson, Alexandra Jóhannesdóttir, Björn Arnaldsson og Dóra Björk Gunnarsdóttir.

Að auki sat fundinn: Valur Rafn Halldórsson sviðsstjóri, sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Fundargerð 451. fundar - 2301001HA

Lögð fram til kynningar fundargerð 451. fundar stjórnar hafnasambandsins frá 24 mars 2023 sem undirrituð hefur verið með rafrænum hætti.

2. Komur farþegaskipa - 2212003HA

Rætt um stöðu farþegaskipa og þjónustu í sumar. Ljóst er að hafnir eru að setja mikla vinnu og kraft í að undirbúa komu skipanna og er mikil bjartsýni fyrir sumrinu.

3. Samráðsnefnd Fiskistofu og hafnasambandsins - 2009020HA

Tilnefna nýjan fulltrúa í samráðsnefnd Hafnasambands Íslands og Fiskistofu í stað Guðmundar M. Kristjánssonar.

Samþykkt að tilnefnda Þórdísí Sif Sigurðardóttur frá Vesturbyggðarhöfnum í samráðsnefndina í stað Guðmundar Kristjánssonar fv. hafnarstjóra Ísafjarðarhafna sem hefur látið af störfum. Búið er að boða fund í samráðshópnum í næstu viku þar sem stærsta umræðuefnið verður fjarvigtun.

4. Samráðsvettvangur hafnasambandsins, sambandsins og SFS - 2304002HA

Samþykkt að tilnefna Björn Arnaldsson, hafnarstjóra Hafna Snæfellsbæjar, í samráðsvettvang hafnasambandsins, sambandsins og Samtaka fyrirtækja í sjávarútveggi sem hefur það verkefni að stuðla að bættri söfnun og úrvinnslu veiðarfæraúrgangs.

Fundi var slitið kl. 12:00

Lúðvík Geirsson

Gunnar Tryggvason

Pétur Ólafsson

Arnfríður Eide Hafþórsdóttir

Pórdís Sif Sigurðardóttir

Elliði Vignisson

Alexandra Jóhannesdóttir

Björn Arnaldsson

Dóra Björk Gunnarsdóttir

Fundargerð 921. fundar

stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga

Árið 2023, fimmtudaginn 30. mars kl. 12:00 kom stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga saman til fundar í Allsherjarbúð, Borgartúni 30 í Reykjavík.

Fundinn sátu: Heiða Björg Hilmisdóttir, Einar Brandsson, Einar Þorsteinsson, Freyr Antonsson, Guðmundur Ari Sigurjónsson, Hildur Björnsdóttir, Margrét Ólöf A. Sanders, Nanný Anna Guðmundsdóttir, Rósa Guðbjartsdóttir, Walter Fannar Kristjánsson og Sunna Hlín Jóhannesdóttir.

Að auki sátu fundinn Karl Björnsson framkvæmdastjóri og sviðsstjórarnir Anna G. Björnsdóttir, Guðjón Bragason, Sigurður Ármann Snævarr og Valur Rafn Halldórsson sviðsstjóri, sem ritaði fundargerð.

Jón Björn Hákonarson boðaði forföll, varamaður hans Sunna Hlín Jóhannesdóttir, mætti í hans stað.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Orkumannvirki - 2302016SA

Ása Valdís Árnadóttir formaður Samtaka orkusveitarfélaga og oddviti Grímsnes- og Grafningshrepps, Jónína Brynjólfssdóttir forseti sveitarstjórnar Múlaþings og Haraldur Þór Jónsson sveitarstjóri Skeiða- og Ghnúpverjahrepps mættu á fundinn undir þessum lið fyrir hönd Samtaka Orkusveitarfélaga, sbr. bókun stjórnar sambandsins 28. febrúar 2023. Gerðu þau grein fyrir verkefni sveitarfélaga sem og fréttatilkynningu sem send var til allra sveitarfélaga á landsbyggðinni um orkumannvirki. Eftirfarandi bókun var samþykkt samhljóða.

Í stefnumörkun sambandsins fyrir árin 2022-2026 er áhersla lögð á mikilvægi sjálfstæðra tekjustofna sveitarfélaga og að þeir verði breikkaðir og styrktir til að stuðla að fjárhagslegri sjálfbærni þeirra. Tekjustofnarnir skulu vera fjölbreyttir og standa undir þeirri þjónustu sem íbúar kalla eftir, hvort sem hún er lögskyld eða lögheimil. Lögð er áhersla á að sveitarfélög fái hlutdeild í auðlindagjaldi og að fasteignaskattar verði greiddir af öllum fasteignum, þ.m.t. öllum mannvirkjum sem tengjast virkjunum og flutningi rafmagns.

Ljóst er að málflutningur Samtaka orkusveitarfélaga styður við þessi markmið sambandsins. Mikilvægt er að ríkisvaldið bregðist við þessu ákalli sem allra fyrst og sýni í verki vilja til að auka og breikka tekjur allra sveitarfélaga á sanngjarnan hátt til að tryggja fjárhagslega sjálfbærni þeirra.

Ása Valdís Árnadóttir, Jónína Brynjólfssdóttir og Haraldur Þór Jónsson fóru af fundi kl. 12:45.

Kristín Sigrún Guðmundsdóttir mannaúðsstjóri Hafnarfjarðarkaupstaðar, Jenný Dagbjört Gunnarsdóttir þróunarfulltrúi leikskóla Hafnarfjarðarbæjar og Bjarni Ómar Haraldsson sérfræðingur á kjarasviði sambandsins komu inn á fundinn kl. 12:45.

2. Breytingar í rekstri leikskóla Hafnarfjarðarbæjar - kynning - 2301050SA

Kristín Sigrún Guðmundsdóttir og Jenný Dagbjört Gunnarsdóttir kynntu breytt vinnufyrirkomulag leikskóla sveitarfélagsins. Það fyrirkomulag sem tekið hefur verið upp við skipulag leikskólastarfs hefur vakið fjölmargar spurningar sem snúa ekki síst að því hvort fyrirkomulagið feli í sér umtalsverð frávik frá kjarasamningum sem sambandið hefur gert við starfsstéttir sem starfa á leikskólum. Svörudu gestirnir greiðlega spurningum stjórnarmanna um þessi atriði.

Kristín Sigrún Guðmundsdóttir og Jenný Dagbjört Gunnarsdóttir fóru út af fundi kl. 13:55.

Ellisif Tinna Víðisdóttir lögfræðingur á kjarasviði sambandsins og Helgi Aðalsteinsson sérfraeðingur á kjarasviði sambandsins komu inn á fundinn kl. 14:00.

3. Kjaramálanefnd sambandsins - 2210010SA

Lögð fram sem trúnaðarskjal fundargerð 35. fundar kjaramálanefndar sambandsins frá 9. mars 2023.

4. Staða kjaramála - 2301032SA

Helgi Aðalsteinsson, Ellisif Tinna Víðisdóttir og Bjarni Ómar Haraldsson gerðu grein fyrir stöðu kjaramála í mars 2023.

Bjarni Ómar Haraldsson, Ellisif Tinna Víðisdóttir og Helgi Aðalsteinsson fóru af fundi kl. 14:25.

5. Fundargerðir 919. og 920. funda - 2301014SA

Lagðar fram til kynningar fundargerðir 919. og 920. fundar stjórnar sambandsins frá 28. febrúar og 17. mars 2023, sem undirritaðar hafa verið með rafraennum hætti.

6. Verkefnisstjórn fyrir hagsmunagæslu í úrgangsmálum - 2210013SA

Lagðar fram fundargerðir 83. og 84. fundar verkefnisstjórnar fyrir hagsmunagæslu í úrgangsmálum frá 6. og 20. mars 2023.

Samþykkt var svohljóðandi bókun vegna 2. liðar í fundargerð 83. fundar frá 6. mars sl. og 4. liðar 84. fundargerðar frá 20. mars:

Stjórnin fagnar því að félags- og vinnumarkaðsráðherra hefur ákveðið að skipa starfshóp um starfsaðstæður við sorphirðu. Stjórnin leggur áherslu á að í vinnu starfshópsins verði lögð áhersla á að lög og reglugerðir verði samræmdar í þeim tilgangi að stuðla að skilvirku og hagkvæmu fyrirkomulagi við söfnun og meðhöndlun úrgangs, ásamt því að vinnuverndarsjónarmið verði í forgrunni. Fyrir liggur að tölувert misrämi er milli ákvæða laga um meðhöndlun úrgangs og skipulags- og byggingarreglugerðar. Því þyrfti að bæta því við sem verkefni nefndarinnar að leggja til breytingar á lögum til þess að samræma hugtakanotkun og skilyrða milli þessara laga- og reglugerðabálka. Er það nauðsynlegt svo unnt sé að bæta aðstæður starfsfólks sem sinnir hirðu úrgangs með raunverulegum hætti.

Einnig var samþykkt svohljóðandi bókun vegna 6. liðar í 83. fundargerð:

Stjórnin lýsir ánægju með greinargerð um meðhöndlun dýraleifa sem unnin var að beiðni Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi. Stjórnin telur mikilvægt að sú greining og sýn á viðfangsefnið sem þar kemur fram fái vandaða rýni og kynningu af hálfa allra sem málið varðar. Stjórnin telur greininguna undirstrika að hér er um að ræða sérhæfðan úrgang sem almennt ætti ekki að vera á ábyrgð sveitarfélaga. Pótt sveitarfélögin geti átt að komu að því að finna viðeigandi lausnir beri þeim því engin skylda til að niðurgreiða meðhöndlunarkostnað.

7. Jöfnun launa milli markaða - 7. grein - 2009052SA

Lagt fram áfangasamkomulag, dags. 23. mars 2023, milli fjármála- og efnahagsráðherra, f.h. ríkissjóðs og Sambands íslenskra sveitarfélaga annars vegar og Bandalags háskólamanna, BSRB og Kennarasambands Íslands hins vegar á grundvelli 7. gr. samkomulags aðila um breytingar á skipan lifeyrismála opinberra starfsmanna frá 19. september 2016.

Stjórnin fagnar þessu áfangasamkomulagi um launaleiðréttið gagnvart tilteknun hópum starfsmanna hins opinbera enda mikilvægt að stíga skref i átt að jöfnun launa milli markaða.

Athugasemdir við minnisblað sambandsins um réttarstöðu sveitarfélaga vegna ágangs búfjár - 2301046SA

Lagt fram bréf Jóns Guðmanns Péturssonar, Kristínar Magnúsdóttur, Ívars Ingimarssonar og Lilju S. Jónsdóttur, forsvarsmanna umræðuhóps um lausagöngu sauðfjár, dags. 4. mars 2023, þar sem gerð er athugasemd við minnisblað sambandsins um réttarstöðu sveitarfélaga vegna ágangs búfjár, dags. 17. febrúar 2023.

Einnig lögð fram bókun stjórnar sambandsins sem send var til innanríkisráðuneytisins, dómsmálaráðuneytisins, matvaelaráðuneytisins og Bændasamtaka Íslands, dags. 6. mars 2023, um samráðshóp um heildarendurskoðun á lögum um fjallskil, afréttarmálefni og tengdri löggjöf.

Fjölgun NPA-samninga - 2303011SA

Lagt fram að nýju bréf félags- og vinnumarkaðsráðuneytisins, dags. 23. febrúar 2023, um fjölgun NPA samninga á árinu 2023 sem tekið var til umræðu á 920. fundi stjórnar sambandsins þann 17. mars sl. Á þeim fundi óskaði stjórn eftir því að endanlegar tillögur um NPA-samninga yrðu kynntar á næsta stjórnarfundi.

Jafnframt lagt fram bréf félags og vinnumarkaðsráðuneytisins til allra sveitarfélaga, dags. 29. mars 2023, þar sem sveitarfélög eru hvött til að senda inn umsóknir um NPA-samninga. Í bréfinu kemur fram að unnið sé að úrlausn ýmissa álitaefna um NPA, sem komið hafa upp á reynslu- og innleiðingartímabilinu og m.a. er fjallað um í skýrslu starfshóps um heildarendurskoðun á lögum nr. 38/2018. Hluti þeirra álitaefna kallar á breytingar á reglugerð um notendastýrða persónulega aðstoð nr. 1250/2018 og verða þær breytingar mótaðar í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga og hagsmunasamtök fatlaðs fólks. Einnig var lagt fram til upplýsinga svar félags- og vinnumarkaðsráðherra við fyrirspurn á Alþingi um framlag ríkisins til NPA-samninga.

Stjórnin hvetur sveitarstjórnir til að bregðast við erindi ráðuneytisins og telur stjórnin sérstaklega mikilvægt að NPA þjónusta verði innleidd í fleiri sveitarfélögum. Stjórnin hvetur jafnframt sveitarstjórnir til að taka þátt í samráði um fyrirhugaðar breytingar á reglugerð um notendastýrða persónulega aðstoð.

10. Áform um lagabreytingar um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga - 2211014SA

Lögð fram drög að frumvarpi til laga um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga, dags. 10. mars 2023, sem er í samráðsgátt stjórnvalda. Einnig lögð fram skýrsla starfshóps um endurskoðun á regluverki um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga sem er dagsett í mars 2023.

Stjórnin hvetur sveitarfélög til að taka drögin til umræðu í sveitarstjórn og koma sjónarmiðum sínum á framfæri í samráðsgátt.

11. Umsögn um áhrifamat vegna breytinga á lögum um Innheimtustofnun sveitarfélaga - 2211021SA

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til innviðaráðuneytisins, dags. 16. mars 2023, um áhrifamat vegna breytinga á lögum um Innheimtustofnun sveitarfélaga. Einnig lagt fram endanlegt mat á áhrifum lagasetningar, dags. 10. mars 2023.

12. Sveitarstjórnarþing Evrópuráðsins - 2009042SA

Lagt fram minnisblað sviðsstjóra þróunar- og alþjóðasviðs sambandsins, dags. 28. mars 2023, um 44. þing Sveitarstjórnarþings Evrópuráðsins 21.-23. mars 2023 í Strassbourg.

13. Bann á örplastefnum í gervigrasvöllum - 2303007SA

Lagt fram til kynningar erindi frá Knattspyrnusambandi Íslands um bann á örplastefnum í gervigrasvöllum.

Stjórnin felur framkvæmdastjóra að fylgjast vel með málínu og upplýsa stjórnina og sveitarfélög um þróun þess.

14. Ályktun 77. ársþings KSÍ - 2303028SA

Lögð fram ályktun sem samþykkt var að 77. ársþingi Knattspyrnusambands Íslands 25. febrúar 2023 um flóðlysingu á leikvöllum í efstu deildum.

Stjórn sambandsins gerir verulegar athugasemdir við að ekki hafi verið haft samráð við sveitarfélögin um þetta mál áður en ályktun þess efnis var samþykkt enda ljóst að sveitarfélögin þurfi að bera kostnað vegna þessara breytinga. Stjórnin felur formanni og framkvæmdastjóra að funda með fulltrúum KSÍ til að ræða ályktun sambandsins um flóðlysingu á leikvöllum í efstu deildum.

15. Samkomulag ríkis og sveitarfélaga á grundvelli laga um opinber fjármál - 2009616SA

Lagt fram samkomulag, dags. 28. mars 2023, um markmið um afkomu og efnahag sveitarfélaga árin 2024-2028 á grundvelli 11. gr. laga um opinber fjármál, nr. 123/2015.

- 16. Tilnefning í starfshóp til að greina hvar einstaklingar sem skráðir eru ótilgreint í hús eru búsettir - 2302013SA**
Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til innviðaráðuneytisins, dags. 8. mars 2023, þar sem Íða Marsibil Jónsdóttir, sveitarstjóri Grímsnes- og Grafningshrepps, er tilnefnd í starfshóp til að greina hvar einstaklingar sem skráðir eru ótilgreint í hús eru búsettir.
- 17. Tilnefning í starfsgreinaráð umhverfis- og landbúnaðargreina - 2303026SA**
Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til mennta- og barnamálaráðuneytisins, dags. 23. mars 2023, þar sem Walter Fannar Kristjánsson, sveitarstjórnarfulltrúi í Flóahreppi, er tilnefndur sem aðalmaður í starfsgreinaráð umhverfis- og landbúnaðargreina, og Álfhildur Leifsdóttir, sveitarstjórnarfulltrúi í Skagafirði, til vara.
- 18. Tilnefning í ráðgjafarnefnd rannsóknarstofnunar í byggða- og sveitarstjórnarmálum við Háskólan á Bifröst - 2303029SA**
Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til Háskólangs á Bifröst ses., dags. 22. mars 2023 þar sem Sunna Hlín Jóhannesdóttir, bæjarfulltrúi á Akureyri, er tilnefnd sem aðalmaður í ráðgjafarnefnd rannsóknarstofnunar í byggða- og sveitarstjórnarmálum við Háskólan á Bifröst, og Valur Rafn Halldórsson, sviðsstjóri rekstrar- og útgáfusviðs sambandsins, til vara.
- 19. Umsögn um Grænbók um húsnæðis- og mannvirkjamál - 2302010SA**
Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til innviðaráðuneytisins, dags. 27. febrúar 2023, um Grænbók um húsnæðis- og mannvirkjamál, mál nr. S-33/2023.
- 20. Umsögn um frumvarp til breytinga á hafnalögum nr. 61/2003 - gjaldtaka o.fl. - 2303006SA**
Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til innviðaráðuneytisins, dags. 6. mars 2023, um frumvarp til breytinga á hafnalögum nr. 61/2003, mál nr. S-37/2023.
- 21. Umsögn um frumvarp til laga um sóttvarnalög - 2205042SA**
Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til velferðarnefndar Alþingis, dags. 27. febrúar 2023, um frumvarp til breytinga á sóttvarnalögum, 529. mál.
- 22. Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum í þágu barna - samþætting þjónustu, snemmtækur stuðningur o.fl. - 2303009SA**
Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til mennta- og barnamálaráðuneytisins, dags. 8. mars 2023, um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum í þágu barna, mál nr. S-44/2023.
- 23. Umsögn um frumvarp um breytingu á fjarskiptalögum nr. 70/2022 (ríkisstyrktir fjarskiptainnviðir) - 2303008SA**
Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytisins, dags. 8. mars 2023, um frumvarp til laga um breytingu á lögum um fjarskipti nr. 70/2022, o.fl. fleiri lögum (ríkisstyrktir

fjarskiptainnviðir, EES-reglur, eftirlit með lénaskráningum og þagnaskylda), mál nr. S-43/2023.

24. Umsögn um frumvarp til laga um þjónustustofnun á sviði menntamála - 2303010SA

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til mennta- og barnamálaráðuneytisins, dags. 10. mars 2023, um frumvarp til laga um nýja þjónustustofnun á sviði Menntamála, mál nr. S-38/2023.

25. Umsögn um frumvarp til laga um stefnur og aðgerðaáætlanir á sviði húsnæðis- og skipulagsmála, samgangna og byggðamála - 2303021SA

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til , dags. 15. mars 2023, um frumvarp til laga stefnur og aðgerðaáætlanir á sviði húsnæðis- og skipulagsmála o.fl.), 735. mál.

26. Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um samvinnuverkefni um samgönguframkvæmdir - 2303024SA

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis, dags. 16. mars 2023, um frumvarp til laga um breytingu á lögum um samvinnuverkefni um samgönguframkvæmdir, 485. mál.

27. Umsögn um tillögu til þingsályktunar um skipun starfshóps um umönnun og gleymslu líka - 2303023SA

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis, dags. 16. mars 2023, um skipun starfshóps um umönnun og geymslu líka, 85. mál.

28. Meginatriði umsagnar um tillögu að breytingu á fráveitutilskipun - 2212022SA

Lagt fram minnisblað sviðsstjóra lögfræði- og velferðarsviðs og forstöðumanns Evrópuskrifstofu sambandsins, dags. 21. mars 2023, um meginatriði umsagnar um tillögu að breytingu á fráveitutilskipun, sem send var til framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins 14. mars 2023.

Framkvæmdastjóri og sviðsstjórar fóru af fundi kl. 15:10.

29. Ráðning framkvæmdastjóra sambandsins - 2301047SA

Ingunn Björk Vilhjálmsdóttir, ráðgjafi Attentus, kom inn á fundinn undir þessum lið og gerði grein fyrir vinnu við ráðningarferli framkvæmdastjóra.

Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga sendir góðar og hlýjar kveðjur austur á land til sveitarfélaga og íbúa þar, sem hafa ekki farið varhluta af náttúruöflunum og þeirri óvissu sem nú er á Austfjörðum.

Fundi var slitið kl. 15:30.

Fundargerð 922. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga

Árið 2023, föstudaginn 31. mars kl. 12:00 kom stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga saman til fundar hjá Attentus, Suðurlandsbraut 4 í Reykjavík.

Fundinn sátu: Heiða Björg Hilmisdóttir, Einar Brandsson, Einar Þorsteinsson, Freyr Antonsson, Guðmundur Ari Sigurjónsson, Hildur Björnsdóttir, Margrét Ólöf A. Sanders, Nanný Anna Guðmundsdóttir, Rósa Guðbjartsdóttir, Walter Fannar Kristjánsson og Sunna Hlín Jóhannesdóttir.

Jón Björn Hákonarson boðaði forföll, varamaður hans Sunna Hlín Jóhannesdóttir mætti í hans stað.

Guðmundur Ari Sigurjónsson, aðalmaður ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. **Ráðning framkvæmdastjóra sambandsins - 2301047SA**

Kynning á umsækjendum um starf framkvæmdastjóra sambandsins.

Fundi frestað til mánudagsins 3. apríl klukkan 14:00.

Fundur settur klukkan 14:00.

Fundi var slitið kl. 15:00

Fundargerð 923. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga

Árið 2023, miðvikudaginn 5. apríl kl. 12:00 kom stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga saman til fundar og fór hann fram í gegnum fjarfundarbúnað.

Fundinn sátu: Heiða Björg Hilmisdóttir, Einar Brandsson, Einar Þorsteinsson, Freyr Antonsson, Guðmundur Ari Sigurjónsson, Hildur Björnsdóttir, Margrét Ólöf A. Sanders, Nanný Anna Guðmundsdóttir, Rósa Guðbjartsdóttir, Walter Fannar Kristjánsson og Sunna Hlín Jóhannesdóttir.

Guðmundur Ari Sigurjónsson, aðalmaður ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Ráðning framkvæmdastjóra sambandsins - 2301047SA

Stjórn samþykkir samhljóða að ráða Arnar Þór Sævarsson í starf framkvæmdastjóra sambandsins og felur formanni ásamt starfsfólki Attentus að ganga frá ráðningu og upplýsa aðra umsækjendur.

Fundi var slitið kl. 13:00

Fundargerð 924. fundar

stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga

Árið 2023, mánudaginn 17. apríl kl. 18:00 kom stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga saman til fundar og fór hann fram í gegnum fjarfundarbúnað.

Fundinn sátu: Heiða Björg Hilmisdóttir, Einar Brandsson, Einar Þorsteinsson, Freyr Antonsson, Guðmundur Ari Sigurjónsson, Hildur Björnsdóttir, Margrét Ólöf A. Sanders, Nanný Anna Guðmundsdóttir, Rósa Guðbjartsdóttir, Walter Fannar Kristjánsson og Sunna Hlín Jóhannesdóttir.

Að auki sátu fundinn Karl Björnsson framkvæmdastjóri og sviðsstjórnar Inga Rún Ólafsdóttir, Sigurður Ármann Snævarr og Valur Rafn Halldórsson, sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. **Staða kjaraviðræðna við bæjarstarfsmannafélög BSRB - 2301032SA**

Lagt fram minnisblað sviðsstjóra kjarasviðs sambandsins, dags. 14. apríl 2023, um stöðu kjaraviðræðna við bæjarstarfsmannafélög BSRB, ásamt minnisblað BSRB, dags. 14. apríl 2023, um kröfu um jafnræði í launum BSRB félaga og SGS félaga sem starfa hjá sveitarfélögum.

Stjórn sambandsins ítrekar að samninganefnd sambandsins hefur fullt umboð til kjaraviðræðna við BSRB félög og vinnur á grundvelli kjarasamningsmarkmiða sambandsins.

Fundi var slitið kl. 19:20

Fundarboð:

Aðalfundur Félags- og skólapjónustu Snæfellinga v. rekstursársins 2022

Til bæjarstjóra, oddvita og sveitarstjórna aðildarsveitarfélaga FSS!

Með vísan til samþykktta byggðasamlagsins um rekstur Félags- og skólapjónustu Snæfellinga, boða ég hér með til aðalfundar FSS fyrir rekstursárið 2022.

Fundarstaður: Fundarsalur Ráðhúss Snæfellsbæjar,

Fundardagur- og tími: Þriðjudagurinn 2. maí, 2023 kl. 15.00

Dagskrá:

1. Kosning fundarstjóra- og ritara
2. Skýrsla stjórnar
3. Ársreikningur rekstursársins 2022
4. Kosning stjórnar
5. Önnur mál

Með fundarboði þessu fylgir í öðru viðhengi ársreikningur FSS 2022, samþykktur á 130. fundi stjórnar FSS þann 27. mars sl. Bæjarstjórar og oddviti eru hér með beðnir um að áframsenda erindi þetta til kjörinna fulltrúa aðildarsveitarfélaganna.

Snæfellsbæ, 14. apríl 2023

Sveinn Þór Elinbergsson, fstm.

(sign.)



SAMTÖK SVEITARFÉLAGA Á VESTURLANDI

Til sveitarfélaga á Vesturlandi

Minnisblað Fræðsluferð fyrir sveitarstjórnarfulltrúa til Skotlands

Samþykkt hefur verið af stjórn SSV að skipuleggja fræðsluferð fyrir sveitarstjórnarfulltrúa á Vesturlandi til Skotlands árið 2023. Við verðum í samfloti með SSNV sem voru að skipuleggja ferð á sama tíma fyrir kjörna fulltrúa á Norðurlandi vestra.

Ferðaskipulag verður með eftirfarandi hætti:

Undirbúningur: SSV í samráði við SSNV skipuleggur og undirbýr ferðina, sér um að panta flugferðir, gistingu og annað sem þarf.

Kostnaður: Sveitarfélögin greiða kostnað fyrir sína fulltrúa og hvert sveitarfélag getur sent allt að 4 fulltrúa í ferðina. Áætlað flugverð, gisting og rútuferðir er um 140.000 – 160.000 á mann.

Ferðatími: 28. ágúst til 1. september.

Dagskrá í Skotlandi: Að þessu sinni verður farið til Skotlands þar sem við munum kynna okkur ýmsa áhugaverða þætti í starfsemi sveitarfélaga sem og byggðaþróunaraðgerðir og ýmis konar nýsköpun. Verið er að leggja drög að dagskrá og má reikna með að hluti af henni verði í Inverness og hluti í Edinborg. Við njótum aðstoðar Byggðastofnunar og Sambands íslenskra sveitarfélaga við undirbúning dagskrár.

Ef þið eruð með hugmyndir af áhugaverðum verkefnum sem þið viljið kynna ykkur í Skotlandi er um að gera senda okkur hjá SSV línu.

Við óskum eftir því að fá tilkynningar um þátttöku í síðasta lagi fimmtudaginn 11. maí n.k.
Sendið póst á svala@ssv.is með nöfnum þátttakenda frá ykkar sveitarfélagi.

f.h. SSV
Páll S. Brynjarsson



Snæfellsbær
Lilja Ólafardóttir, bæjarritari
Snæfellsási 2
360 Hellissandi

Aðalfundur Landskerfis bókasafna hf. 2023

Reykjavík, 17. apríl, 2023.

Ágæti hluthafi.

Boðað er til aðalfundar Landskerfis bókasafna hf. þriðjudaginn **9. maí, kl. 14:30**. Fundurinn verður haldinn í húsakynnum félagsins að **Katrínartúni 4**, jarðhæð, 105 Reykjavík.

Dagskrá fundarins er samkvæmt 14. grein samþykkta félagsins.

1. Skýrsla stjórnar.
2. Ársreikningur lagður fram til samþykktar.
3. Kosning stjórnar og endurskoðanda.
4. Meðferð hagnaðar.
5. Ákvörðun þóknunar til stjórnarmanna og endurskoðanda.
6. Önnur mál, löglega upp borin.

Ársreikningur félagsins verður sendur út í tölvupósti fyrir fundinn, ásamt núgildandi samþykktum þess.

Virðingarfyllst, fyrir hönd stjórnar Landskerfis bókasafna hf.,

Sveinbjörg Sveinsdóttir
framkvæmdastjóri

Lilja Ólafardóttir

From: Kristfríður Rós Stefánsdóttir
Sent: þriðjudagur, 2. maí 2023 11:35
To: Lilja Ólafardóttir
Subject: Samvinnuverkefni HA í sjávarútvegi og vinnuskóla Snæfellsbæjar

Sæl,

Samvinnuverkefni Sjávarútvegsfræði í Háskólanum á Akureyri og vinnuskóla Snæfellsbæjar mun fara af stað um miðjan júní og er stefnt að því að hafa þetta árlegt samhliða vinnuskólanum í Snæfellsbæ. Þetta eru 7 dagar í heildina, þar sem 3 dagar fara í undirbúning þar sem kennrarar frá Háskólanum á Akureyri koma og undirbúa fyrir komandi kennsludaga og eru kennsludagarnir 4 í heildina. Áætlað er að kennsla fari fram kl.09:00-15:00 og komast 25 einstaklingar að. Ungmenni í 8. bekk eru í forgang, en ef það er pláss fyrir fleiri þá koma einni ungmenni úr 9. og 10. bekk inn í kennsluna.

Búið er að ræða við eftirfarandi fyrirtæki sem ætla að taka þátt í þessu samvinnuverkefni með okkur en ekki liggur fyrir ákveðin styrktarupphæð eða í hvaða formi styrkurinn er s.s. kennsluaðstaða o.fl. sem gæti komið sér að notum fyrir þessa kennsludaga.

Fiskmarkaður Íslands, Fiskmarkaður Snæfellsbæjar, Hraðfrystihús Hellissands og Valafell, og Sjávariðjan á eftir að gefa svar þegar þessi póstur er sendur.

S.

Guðrún Arndís kemur vestur 09.-10.maí og mun ég, Kristfríður, Þorbjörg og jafnvel Valgerður fara með henni á þá staði sem koma að þessu samstarfsverkefni og ræða við samstarfsaðila og upplýsa þá betur um verkefnið.

Áætlað er að þetta samstarfsverkefni kosti 1.000.000 kr.- og vildi ég einnig athuga ef Sæfellsbær ætlar að borga það sem vantar upp á í verkefnið ef þess þarf, og þar sem stefnt er á að þetta verður fastur liður sem samstarfsverkefni við vinnuskólann að gera þá sjóð þar sem styrktar upphæðirnar fara inn á og er þá eyrnamerkт þessu verkefni.

B. Kv.

Kristfríður Rós Stefánsdóttir
Íþróttá- og æskulýðsfulltrúi í Snæfellsbæ

Netfang: kristfridur@snb.is

Sími: 433-9912/ 844-8102

Lilja Ólafardóttir

From: Kristfríður Rós Stefánsdóttir
Sent: þriðjudagur, 2. maí 2023 11:54
To: Lilja Ólafardóttir
Subject: Sumarnámskeið 2023

Sæl,

Mátt einnig koma þessu bréfi á bæjarstjórnarfundinn til að upplýsa þau um stöðu sumarnámskeiða árið 2023 þar sem ég og Jóhanna úr íþróttu- og æskulýðsnefnd áttum fund með velferðarnefnd haustið 2022 og var óskað eftir auknu framboði á námskeiðum og fjölbreytileika, og hef ég unnið að því í samstarfi við aðildarfélög og aðra aðila í Snæfellsbæ að bjóða upp á námskeið í sumar sem væri þá á vegum þeirra.

Víkingur/Reynir

Íþróttagreinar: Rætt hefur verið við stjórn hjá ungmennafélaginu Víking/ Reynir hvort þau ætli að bjóða upp á námskeið og íþróttagreinar í sumar og stefna þau á að halda áfram með knattspyrnuæfingar líkt og hefur verið undanfarin ár en aðrar íþróttagreinar fara í sumarfrí þar til skólinn byrjar aftur.

Rafíþróttir: Það verður einnig boðið upp á tvö 2 vikna námskeið í rafíþróttum fyrir alla aldurshópa, fyrra námskeiðið fer fram í júní og það seinna í ágúst. Það komast einungis 10 einstaklingar að og verða þá nokkrir hópar yfir daginn.

Dansnámskeið: Einnig ætla þau að bjóða upp á dansnámskeið sem væri einnig tvö 2 vikna námskeið, annað færi fram í júní og seinna í ágúst. Námskeiðið yrði kennt á mánudögum, miðvikudögum og fimmtudögum en það á eftir að ákveða fyrir hvaða aldurshópa. Námskeiðið fer fram í íþróttahúsi Snæfellsbæjar.

Mfl. Víkingur Ó.

Leikjanámskeið: 2 vikna leikjanámskeið sem fer fram fyrir hádegi og er kennt 5 daga vikunnar. Stefnt er á að brjóta upp á námskeiðið og reyna að hafa það fjölbreyttara en það hefur verið síðustu ár samkvæmt Brynjari yfirþjálfara Víkings Ó.

Knattspyrnunámskeið: 2 vikna knattspyrnunámskeið sem fer fram eftir að leikjanámskeiðinu lýkur og verður með sama sniði og hefur verið undanfarin ár og kennt fyrir hádegi.

Styrkaræfingar: Stefnt er að bjóða upp á auka styrktaræfingar fyrir iðkendur í UMF Víking/Reynir í sumar.

Sumarnámskeið fyrir fatlaða

Símenntunarstofa vesturlands: Verið að vinna í að bjóða upp á sumarnámskeið fyrir fatlaða eftir að Smiðjan fer í sumarfrí sem færi þá fram í júlí. Frekari upplýsingar liggja fyrir þegar komin er betri mynd á þetta og einnig hvað varða lengd á námskeiðinu sjálfu. Hins vegar verður lögð áhersla á útiveru og hreyfingu í námskeiðinu.

Skáknámskeið

Á eftir að ræða við Sigurð Scheving ef áhugi er fyrir að bjóða upp á skáknámskeið í sumar, læt ykkur vita þegar það liggur fyrir. En mikill áhugi hefur orðið á skák og hefur hann verið að halda utan um tíma alla sunnudaga í vetur og var með flott námskeið í apríl fyrir ungmenni sem vakti mikla lukku.

Myndlistarnámskeið

Námskeið sem er í skoðun og verið að athuga ef einkareknir aðilar hafi áhuga á að bjóða upp á slíkt námskeið í sumar.

KrakkaFit

CF SNB: KrakkaFit Crossfit námskeið í júní og júlí fyrir yngsta og miðstig. Ekki liggur fyrir dagsetning né tímasetning.

Þetta er það sem er framundan og það sem ég er að vinna í fyrir sumarið, en á eftir að klára að hafa samband við suma þar sem búið er að vera nóg að gera í öðru sem er í forgangi. Það ættu þó flest allir að geta fundið sér eitthvað við hæfi í sumar og er fjölbreytileikinn í fyrirrúmi 😊

B. Kv.

*Kristfríður Rós Stefánsdóttir
Íþróttá- og æskulýðsfulltrúi í Snæfellsbæ*

Netfang: kristfridur@snb.is

Sími: 433-9912/ 844-8102

Bæjarráð Snæfellsbæjar

27. 04. 2023

Formaður Bæjarráðs

Júníana B. Óttarsdóttir

Erindi: Beiðni um aukafjárveitingu á mótneytisliðnum fyrir skólaárið 2023 að upphæð 4.500.000.

Ástæða fyrir auknu fjármagni: Miðað við rekstrarstöðu fyrir janúar og febrúar mánuði þá sjáum við að matarkostnaðurinn mun verða hærri heldur en áætlanir hafa gert ráð fyrir við árslok. Við teljum að hækjunina megi að miklu leiti rekja til hækjunar á matarverði.

Við fórum í það að skoða reikninga frá fyrir hluta árs 2022 og bárum þá saman við reikninga fyrir hluta árs 2023. Þó að magn sé svipað, þá hefur matvara hækkað töluvert umfram 10% verðbólgu, og í raun hafi hún hækkað á bilinu 10-50% - þ.á.m. hafi grænmeti og ávextir hækkað frá 18% upp í 85%, en að meðaltali um 28-32%. Mjólkurvörur hafi hækkað um 15-20% frá því á sama tíma í fyrra og kjötvörur um 25-30%. Fiskur frá HH hefur hækkað um 14% frá því í apríl 2022. Einnig viljum við taka það fram að börnum í leikskólanum hefur fjölgað milli ára og því fleiri skammtar eldaðir í hvert mál.

Höfum við nú þegar gripið til ráðstafanna og leitað leiða til sparnaðar til þess að reyna að halda kostnaði við matarinnkaup niðri. En þrátt fyrir þann niðurskurð þá er aukafjármagn nauðsynlegt til þess að hægt sé að reka mótneyti leikskólans eins og best verður á kosið. Aukafjárveitingin sem hér er óskað eftir að upphæð 4.500.000 kr. mun koma til móts við verðhækkanir á matvöru og aukin fjölda barna í leikskólanum. Engu að síður vonum við að sparnaður í mótneyti muni leiða það í ljós að ekki reynist nauðsynlegt að nýta alla fjárveitinguna, en erfitt er að meta það á þessum tímapunkti.

Mikilvægt er að mótneytið geti boðið upp á hollan og góðan mat sem matreiddur er frá grunni en jafnframt að nýting matar sé góð og að lítið sem ekkert af matvöru sé sóað. Sjá frekari útskýringar í fylgibréfi.

Hermína K. Lárusdóttir

Leikskólastjóri

Rekstrarkostnaður við mötuneyti leikskóla Snæfellsbæjar

Samkvæmt yfirliti fyrir janúar og febrúar mánuði þá höfum við farið yfir á kostnaðarliðnum fyrir mötuneyti. Matseðlar hjá okkur hafa verið þeir sömu mánuðum saman undanfarin ár og rúlla þeir yfir skólaárið.

Við höfum farið yfir innkaupin og eigum mjög erfitt með að finna hvað það er sem veldur því að við erum að fara svona yfir á kostnaðarliðnum. Það sem við teljum að hafi þar helst áhrif á er að matvara hefur hækkað í innkaupum og er það eflaust stærsti þátturinn. Aðrir þættir gætu t.d. verið fjölgun ungbarna frá áramótum, mikið fæðu ofnæmi ungra barna sem leiðir til þess að útbúa þarf sér mat í hádeginu fyrir þau. Það verður til þess að matarinnkaup verða annars konar, kaupa þarf í vissum tilfellum tilbúnar vegan vörur fyrir þau börn sem ekki mega fá egg eða mjólk í mat. Nauðsynlegt er að gera það til þess auðvelda matráð matseld. Einnig þarf að kaupa mjólkurvorur eins og haframjólk og sojamjólk sem er dýrari í innkaupum. Þess má geta að hækkun á þessum kostnaðarlið var aðeins aukin um 200.000 þúsund fyrir þetta skólaár. Hækkun á kostnaði foreldra á hádegisverði hefur verið lítil sem engin undanfarin ár. Núna um áramótin voru gjöldin hækkuð um 250 kr = 5250. Til samanburðar þá kostar máltíð í grunnskóla Snæfellsbæjar 8900 kr. Mögulega eitthvað sem mætti skoða frekar.

Til þess að draga úr kostnaðarliðnum þá teljum við þörf á að skera niður framboð á ávöxtum, þeir eru mjög dýrir. Stoðmjólk hefur verið í boði á ungbarnadeildinni en ákveðið hefur verið að hætta að bjóða upp á hana og bjóða aðeins upp á nýmjólk. Eins þarf að draga úr framboði að meðlæti með hádegisverðum. Einnig teljum við mikilvægt að fara yfir alla matseðla í samráði við mátráða og skoða hvar möguleiki er á að breyta þannig að hægt sé að halda kostnaði enn frekar niðri. Matráðar leita allra leiði til þess að nýta allt hráefni sem best, sem dæmi er afgangs hafragrautur nýttur í brauðbollur, afgangur af soðnum fiski nýtt í plokk fisk, brauð mulið í rasp eins eru afgangar af hádegisverði frystir og nýttir t.d. á þeim dögum þegar færri börn eru í leikskólanum.

Sem heilsueflandi leikskóli viljum við þó ekki fara þá leið að kaupa tilbúin mat við viljum eftir fremsta magni halda þeim gæðum varðandi matseld sem hafa verið í leikskóla Snæfellsbæjar. Um leið viljum við fylgja þeim ráðleggingum sem embætti landlæknis leggur fram varðandi næringu ungra barna. Við teljum mjög mikilvægt að halda því áfram að hér sé allur matur unnin frá grunni sem er þó líklega dýrari heldur en unnin matvara.



Snæfellsbær
Klettsbúð 4
360 Snæfellsbær

Efni: Fjárhagstaðan mótneytis Grunnskóla Snæfellsbæjar

Bæjarstjóri sendi undirrituðum tölvupóst dagsrett þann 14. apríl síðast liðin þar sem óskað var eftir greinargerð vegna fjárhgsstöðu mótneytis skólans.

Fyrripart síðasta árs var staða mótneytisins góð en þegar líða fór á árið fór að halla undan fæti. Kom þar tvennt til, ég bað matráðinn að gera vel við nemendur, að loknum heimsfaraldrinum og héldum við „nokkrar“ veislur. Eins fórum við að merkja hækkandi vöruberð hjá þeim birgjum sem við skiptum mest við. Eftir áramót bað ég matráðinn að fara betur með þá peninga sem við hefðum úr að spila, minnka gædin. Ég hef ítrekað þessa beiðni við báða matráða skólans. Sá samdráttur skilaði ekki tilsettum árangri og eftir að hafa rætt við okkar helstu birgja þá ber þeim saman að hækkun á matvöru er á bilinu 10-50% s.l. ár. Þannig hækkaði síðasta lambakjötsending um 27%, mjólkurþörur hafa hækkað tvívar það sem af er ári (jafn oft og allt síðasta ár), grænmeti og ávextir hafa hækkað um 30% svo dæmi sé tekið. Þeim ber líka saman um að það er ekkert látt á þessum hækkunum, þær haldi áfram.

Í dag erum við reka tvö mjög góð mótneyti, nemendur stendur til boða salatbar með öllum mat (þeir sem ekki vilja aðalréttinn geta snúið sér að honum), við kaupum kjöt og grænmeti af bændum í héraði, fisk af fiskvinnslu í sveitarfélögum, nemendur fá ávexti og mjólk í nestistínum. Það er mikil ánægja meðal nemenda, foreldra og starfsfólk með mótneyti skólans, þó vissulega megi gera betur og öðruvísi. Því til staðfestingar eru einungis tíu nemendur af 216 sem ekki eru í mótneytinu eða tæp 5%. Í Íslensku æskulýðsrannsókninni kom fram mikil ánægja nemenda með mótneytið en 85% fjórðu bekkinga finnst sólamaturinn oftast góður í GSnb en meðaltalið á Vesturlandi var 54%! Það er mitt mat að við erum að veita mikil gæði í mótneytum skólans og vil ég meina að það komi m.a. fram í glaðari nemendum og starfsfólk.

Af þessari upptalningu má ljóst vera að forsendum fyrir fjárhagsáætlun mótneytisins eru brostnar og sækji ég því um 30% hækkun í þennan lið eða um 5 milljónir króna fyrir þetta ár.

Ef eitthvað er óljóst eða þið óskið eftir nánari skýringum er ég tilbúinn til að veita þær.

Með vinsemdu og virðingu

Hilmar Már Arason
Skólastjóri Grunnskóla Snæfellsbæjar

Úthlutunarreglur vegna akstursstyrks Snæfellsbæjar til UMFSt.

1. gr. *Gildissvið*

Úthlutunarreglur þessar gilda um styrki til foreldra/forráðamanna sem sem eiga lögheimili í skólahverfi Lýsudeildar Grunnskóla Snæfellsbæjar; Breiðuvík, Staðarsveit, Arnarstapa eða Hellnum, og aka börnum sínum á norðanvert Snæfellsnes á íþróttæfingar eða annað skipulagt félagslíf.

Ungmennafélag Staðarsveitar (UMFSt) sækir um styrkinn ár hvert en bæjarritari Snæfellsbæjar sér um að afgreiða umsóknir.

2. gr. *Markmið*

Markmið þessara reglna er að stuðla að jöfnun aðstöðumunar þeirra sem þurfa að aka börnum sínum í þéttbýlin norðanfjalls til að sækja þar íþróttæfingar eða skipulagt félagslíf fyrir börn og ungmenni.

3. gr. *Útreikningur*

Til að eiga rétt á akstursstyrk þarf barn foreldris/forráðamanns að vera skráð í og sækja íþróttæfingar eða skipulagt félagslíf í þéttbýlin á norðanverðu Snæfellsnesi. Hægt er að sækja um eina styrkúthlutun á ári fyrir hvert barn. Hver styrkúthlutun er 30.000,- kr.

4. gr. *Tilhögun greiðslna*

Til að sækja um akstursstyrk skal senda tölvupóst á bæjarritara Snæfellsbæjar með upplýsingum um barn (nafn og kennitala) og staðfestingu/greiðslukvittun fyrir æfingum/skipulögðu félagslífi sem hafa verið sóttar. Sækja þarf um akstursstyrkinn innan þess árs sem sótt er um styrk fyrir.

Reglur þessar voru samþykktar af bæjarstjórn Snæfellsbæjar á fundi hennar þann 4. maí, 2023 og öðluðust þá þegar gildi.

Þjóðkirkjan
Katrínartúni 4
105 Reykjavík



Efni: Tilkynning um breyttan endapunkt Staðastaðarvegar nr. 5706-01.

Vegagerðin er veghaldari þjóðvega og hefur það hlutverk skv. 7. gr. vegalaga nr. 80/2007 að halda vegaskrá sem er skrá yfir alla þjóðvegi. Með bréfi þessu vill Vegagerðin vekja athygli á ákvæði c. liðar 2. mgr. 8. gr. vegalaga nr. 80/2007, um héraðsvegi sem er einn flokkur þjóðvega:

Héraðsvegir eru vegir sem liggja að býlum, starfrækslu atvinnufyrirtækja, kirkjustöðum, opinberum skólum og öðrum opinberum stofnunum utan þéttbýlis, eru ákveðnir í staðfestu skipulagi og taldir upp í vegaskrá. Landeigandi skal þó kosta og vera veghaldari síðustu 50 m að framangreindum stöðum ef vegur endar þar.

Síða 1/1

Samkvæmt upplýsingum Vegagerðarinnar er föst búseta ekki lengur fyrir hendi og uppfyllir vegurinn því ekki tilgreint skilyrði þess að teljast til þjóðvega.

Samkvæmt 6. gr. reglugerðar nr. 774/2010 um héraðsvegi með síðari breytingum, sbr. 3. mgr. 8. gr. vegalaga, er Vegagerðinni skyldt að fella veg úr tölu héraðsvega og afskrá úr vegaskrá uppfylli hann ekki lengur skilyrði vegalaga um þjóðvegi. Með vísan til þess er áformáð að færa endastöð Staðastaðarveg nr. 5706-01 frá íbúðarhúsi Staðastaðar að Staðastaðarkirkju til og með næstu áramótum og mun viðhald og þjónusta hans einungis vera að Staðastaðarkirkju í ábyrgð Vegagerðarinnar frá þeim tíma.

Gefinn er hér með kostur á að koma að athugasemdum við hina fyrirhuguðu ákvörðun og skulu þær berast Vegagerðinni, b.t., Sigurðar Friðgeirs Friðrikssonar, sff@vegagerdin.is innan fjögurra vikna frá dagsetningu þessa bréfs.

Afrit: Snæfellsbær

Virðingarfyllst
f.h. Vegagerðarinnar
Sigurður Friðgeir Friðriksson

Undirskrift
SIGURÐUR FRÍÐGEIR

Vegagerðin
Suðurhraun 3
210 Garðabær
+354 522 1000
vegagerdin.is

vegagerdin
@vegagerdin.is

Björn Jónsson ehf. Eignarhaldsfélag.
Þorlaksgeisla 64
113 Reykjavík



Efni: Tilkynning um fyrirhugaða niðurfellingu Axlarvegar nr. 5724-01 af vegaskrá.

Vegagerðin er veghaldari þjóðvega og hefur það hlutverk skv. 7. gr. vegalaga nr. 80/2007 að halda vegaskrá sem er skrá yfir alla þjóðvegi. Með bréfi þessu vill Vegagerðin vekja athygli á ákvæði c. liðar 2. mgr. 8. gr. vegalaga nr. 80/2007, um héraðsvegi sem er einn flokkur þjóðvega:

Héraðsvegir eru vegir sem liggja að býlum, starfrækslu atvinnufyrirtækja, kirkjustöðum, opinberum skólum og öðrum opinberum stofnunum utan þéttbýlis, eru ákveðnir í staðfestu skipulagi og taldir upp í vegaskrá. Landeigandi skal þó kosta og vera veghaldari síðustu 50 m að framangreindum stöðum ef vegur endar þar.

Síða 1/1

Samkvæmt upplýsingum Vegagerðarinnar er föst búseta ekki lengur fyrir hendi og uppfyllir vegurinn því ekki tilgreint skilyrði þess að teljast til þjóðvega.

Samkvæmt 6. gr. reglugerðar nr. 774/2010 um héraðsvegi með síðari breytingum, sbr. 3. mgr. 8. gr. vegalaga, er Vegagerðinni skyldt að fella veg úr tölu héraðsvega og afskrá úr vegaskrá uppfylli hann ekki lengur skilyrði vegalaga um þjóðvegi. Með vísan til þess er áformáð að fella Axlarveg nr. 5724-01 af vegaskrá frá og með næstu áramótum og mun viðhald og þjónusta hans ekki lengur verða á ábyrgð Vegagerðarinnar frá þeim tíma.

Gefinn er hér með kostur á að koma að athugasemdum við hina fyrirhuguðu ákvörðun og skulu þær berast Vegagerðinni, b.t., Sigurðar Friðgeirs Friðrikssonar, sff@vegagerdin.is innan fjögurra vikna frá dagsetningu þessa bréfs.

Afrit: Snæfellsbær

Virðingarfyllst
f.h. Vegagerðarinnar
Sigurður Friðgeir Friðriksson

Undirskrift
SIGURÐUR FRÍÐGEIR

Vegagerðin
Sudurhraun 3
210 Garðabær
+354 522 1000
vegagerdin.is

[@vegagerdin.is](mailto:vegagerdin)

Reglur Snæfellsbæjar um úthlutun á leiguíbúðum

I. Kafli Almenn ákvæði

1. gr.

Með leiguíbúðum er átt við þær leiguíbúðir sem Snæfellsbær á eða hefur umráð yfir og leigir út til einstaklinga eða fyrirtækja. Ekki er átt við þjónustuíbúðir fyrir aldraða og öryrkja.

2. gr.

Einstaklingar sem búa við erfðar aðstæður og þurfa aðstoð til að búa í öruggu húsnæði, en hafa ekki möguleika á að kaupa sitt eigið húsnæði hafa forgang að leigu húsnæðis sem fjármagnað hefur verið samkvæmt VIII. kafla laga nr. 44/1998 sbr. reglugerð nr. 873/2001.

Reglur þessar eru m.a. settar til að ákvarða forgangsröðun, ef eftirspurn eftir leiguíbúðum verður meiri en hægt er að anna.

Sé ekki eftirspurn eftir íbúðum skv. 1. mgr. þessarar greinar getur Snæfellsbær leigt íbúðirnar öðrum þrátt fyrir að viðkomandi uppfylli ekki forgangsákvæði.

II. Kafli Réttur til leiguþúsnæðis

3. gr.

Skilyrði fyrir úthlutun

Almenn skilyrði fyrir úthlutun á leiguíbúðum eru:

- 1) Umsækjandi þarf að vera a.m.k. 18 ára að aldri
- 2) Umsækjandi eigi lögheimili í Snæfellsbæ þegar umsókn berst og þann tíma sem líður fram að úthlutun. Auk þess þann tíma sem leigusamningur varir.
- 3) Umsækjandi eigi ekki fasteign eða búseturétt í sveitarfélagini né nokkru öðru sveitarfélagi. Heimilt er að gera undantekningu frá þessu skilyrði sé fasteign umsækjanda sannanlega í upphoðs- eða söluferli.
- 4) Umsækjandi sé ekki í vanskilum við Snæfellsbæ, stofnanir þess eða fyrirtæki, og leggi fram tilskildar yfirlýsingar þar um sé þess óskað.

Viðbót velferðarnefndar:

- 5) Að niðurstaða mats á félagslegum aðstæðum, samkvæmt matsreglum, sé að lágmarki sex stig vegna umsóknar um félagslegt leiguþúsnæði.
 - a) Tekjumörk(reglugerð nr.63/2020). Tekjur umsækjanda skulu vera undir tekjumörkum samkvæmt staðfestu ljósriti af skattframtíali síðasta árs og launaseðlum þriggja síðstu mánaða fyrir umsóknardag. Með tekjum er átt við heildartekjur einstaklings, hjóna og sambúðarfólks. Tekjumörk miðast við að meðaltekjur nemí, miðað við heilt ár, eigi hærri fjárhæð en 5.532.000 krónum fyrir einstakling og 1.383.000 krónum fyrir hvert barn að 20 ára aldri sem býr á heimilinu. Viðmiðunarmörk hjóna/sambúðarfólks/einstaklinga í staðfestri samvist skulu vera 7.746.000. krónur. Húsnæðisbætur teljast ekki til tekna.

- b) Eignamörk. Eignir umsækjanda skulu vera undir eignamörkum og skal miða við heildareign að frádeginum heildarskulnum samkvæmt staðfestu ljósriti af skattframtali fyrir síðasta ár. Eignamörk eru 5.971.000 krónur. Eignamörk breytast samkvæmt vísitölu neysluverðs ár hvert og tekið verður mið af útreikningum félagsmálaráðuneytisins
- 6) Gildistími tímabundins dvalarleyfis skal vera að lágmarki 12 mánuðir.
-

4. gr.

Undanþágur frá tekju- og eignamörkum.

Velferðarnefnd hefur heimild til að veita undanþágu frá tekju- og eignamörkum ef umsækjandi er samkvæmt faglegu mati fulltrúa félagsmálastjóra

- a) í miklum félagslegum erfiðleikum,
 - b) hefur orðið fyrir meiri háttar röskun á stöðu og högum, t.d. vegna atvinnuleysis, veikinda, fráfalls maka eða skilnaðar,
 - c) býr sannanlega við ófullnægjandi húsnæðisaðstæður og hefur ekki tök á að kaupa sitt eigið húsnæði,
 - d) ef um er að ræða starfsmann Snæfellsbæjar sem að öðrum kosti hefur ekki aðgang að húsnæði.
-

Viðbót velferðarnefndar:

- e) Heimilt er að gera undantekningu frá skilyrði 3) í 3. gr. sé fasteign umsækjanda sannanlega í uppboðs- eða söluferli.
 - f) tekjur sl. sex mánaða eru minna en 10% yfir tekjuviðmiði samkvæmt i-lið 3. gr. reglna þessara
-

III. Kafli **Umsóknir, skráning og mat**

5. gr.

Upplýsingar með umsókn

Umsókn skal lögð fram í Ráðhúsi Snæfellsbæjar, Klettsbúð 4 á Hellissandi á þar til gerðum eyðublöðum eða með rafrænum hætti.

Með umsókn um forgang að leiguibúð þurfa að fylgja eftirtalin gögn:

- a) Staðfest afrit af síðasta skattframtali og álagningarseðli umsækjanda og maka/sambúðaraðila og barna 20 ára og eldri sem búa heima
- b) Íbúavottorð Þjóðskrár.
- c) Launaseðlar umsækjanda og maka/sambúðaraðila og barna 20 ára og eldri sem búa heima fyrir síðustu þrjá mánuði eða upplýsingar um reiknað endurgjald vegna sjálfstæðrar starfsemi.

Umsókn er ekki tekin til afgreiðslu nema öll tilskilin gögn fylgi umsókninni. Umsækjandi getur þurft að skila inn frekari gögnum.

6. gr.

Skriflegt svar við umsókn

Ef umsækjandi uppfyllir þau skilyrði sem sett eru skv 3. gr. þessara reglna er honum sent skriflegt svar þar sem fram kemur að umsækjandi eigi gilda umsókn og að hann sé kominn á biðlista ef íbúð er ekki úthlutað strax skv. IV. kafla. Þá skal honum gerð grein fyrir nauðsyn þess að endurnýja umsóknina sbr. 8. gr.

7. gr.

Forgangsröðun umsókna

Umsóknum er raðað í forgangsröð út frá greiningu þar sem eftirfarandi þættir eru m.a. hafðir til viðmiðunar: Núverandi húsnæðisaðstæður, heilsufar og vinnugeta fjölskyldunnar, atvinnustaða, félagslegar aðstæður, fjölskyldustærð og framfærslubyrði, tekjur og eignastaða, aldur umsóknar auk búsetulengdar í sveitarfélagini.

Að öðru jöfnu skulu eftirtaldir umsækjendur njóta fyrsta forgangs við úthlutun á leiguíbúðum:

- a) Barnmargar fjölskyldur eða fjölskyldur sem búa við erfiðar félagslegar aðstæður.
- b) Ef umsækjandi, maki eða barn á við fötlun, örorku eða langvarandi veikindi að striða.
- c) Einstæðir foreldrar sem fara með forræði barna sinna.
- d) Þeir sem búa í heilsuspíllandi húsnæði eða á annan hátt við ófullnægjandi aðstæður.

8. gr.

Endurnýjun umsókna

Til þess að viðhalda gildi umsóknar þarf umsækjandi að endurnýja umsókn innan 6 mánaða frá umsóknardegi og síðan á 6 mánaða fresti frá þeim degi. Endurnýjun skal berast skrifstofu Snæfellsbæjar og verður að vera skrifleg. Þá skal umsækjandi gera grein fyrir hugsanlegum breytingum sem orðið hafa á aðstæðum hans og áhrif kunna að hafa á fyrirliggjandi mat á umsókn.

IV. Kafli **Úthlutun leiguíbúða**

9. gr.

Úthlutun húsnæðis

Mat á forgangsröðun á forsendum 1. mgr. 7. gr. heyrir undir bæjarritara í umboði bæjarstjórnar Snæfellsbæjar. Úthlutanir á leiguíbúðum heyra undir bæjarstjóra sem einnig annast daglegan rekstur. Undanþágur á úthlutun frá reglum þessum eru lagðar fyrir velferðarnefnd.

10. gr.

Stærð og gerð húsnæðis

Höfð er hliðsjón af fjölskyldustærð umsækjanda og öðrum aðstæðum sem máli kunna að skipta við úthlutun íbúða.

11. gr.

Tilkynning um úthlutun

Skrifleg tilkynning eða tölvupóstur er send til þeirra sem fengið hafa úthlutað félagslegrí leiguíbúð. Þá er veittur einnar viku frestur til þess að tilkynna hvort þeir þiggja húsnæðið.

Hafni umsækjandi boði um íbúð á rökstuðnings og haldbærra skýringa fellur umsókn umsækjanda úr gildi, Óski umsækjandi þess að komast aftur á biðlista skal umsækjanda gert að sækja um að nýju.

V. Kafli

Leigusamningur / milliflutningar ofl.

12. gr.

Leigusamningar

Frágangur leigusamninga er í höndum bæjarritara. Leigusamningar eru að jafnaði ótímabundnir en heimilt er að gera tímabundna samninga til skemmri tíma enda séu ríkar ástæður til.

Viðbót velferðarnefndar:

Velferðarnefnd vill að setningin “Leigusamningar eru að jafnaði ótímabundnir...” sé tekin út og þetta komi í staðinn:

Við upphaf leigutímans skal leigusamningur gerður til sex mánaða. Endurnýja skal leigusamninginn ef leigutaki hefur staðið skil á húsaleigu allan leigutímann og umgengni um leighuhúsnaðið er í samræmi við fyrirmæli húsaleigulaga og ákvæði leigusamnings og leigutaki uppfyllir skilyrði 3. gr. reglna þessara.

Komi til endurnýjunar leigusamnings að liðnum sex mánaða reynslutíma, skal gerður tímabundinn leigusamningur við leigutaka til allt að tveggja ára í senn svo framarlega sem skilyrðum í 3.gr.eru uppfyllt.

Um leigusamninga Snæfellsbæjar vegna leiguíbúða gilda ákvæði húsaleigulaga nr. 36/1994.

Húsaleiga er skv. gjaldskrá Snæfellsbæjar og framreiknast skv. vísitölu neysluverðs.

13. gr.

Endurskoðun og uppsögn leigusamnings

Geri umsækjandi leigusamning vegna leiguíbúða sveitarfélagsins að uppfylltum þeim skilyrðum sem sett eru í 3. gr. þessara reglna, skuldbindur umsækjandi sig til þess að gera starfsfólki bæjarskrifstofu Snæfellsbæjar grein fyrir breytingum sem kunna að verða á högum hans á meðan á leigutíma stendur.

Snæfellsbær áskilur sér rétt til uppsagnar leigusamnings hafi leigutaki brotið gegn ákvæðum leigusamnings eða ákvæðum húsaleigulaga nr. 36/1994 að öðru leyti. Uppsagnarfrestur leigusala fer eftir húsaleigulögum nr. 36/1994. Uppsagnarfrestur ótímabundins leigusamnings er sex mánuðir af hálfu leigusala nema ef leijgjandi hefur haft íbúð á leigu lengur en 5 ár, þá skal uppsagnarfrestur af hálfu leigusala vera eitt ár.

Komi til uppsagnar leigusamnings af einhverjum ástæðum skal uppsögn ætið vera skrifleg. Uppsagnarfrestur af hálfu leigjanda er þrír mánuðir og miðast við mánaðarmót. Heimilt er að

víkja frá uppsagnarfresti leigjenda enda séu ríkar ástæður til og það þjóni hagsmunum leigutaka og sveitarfélagsins.

Tímabundnum leigusamningi lýkur á umsömdum degi án sérstakrar uppsagnar eða tilkynningar af hálfu aðila.

Viðbót velferðarnefndar:

Breyttar aðstæður

Umsækjandi skal vera í tengslum við starfsmenn sveitafelagsins á meðan beðið er úthlutunar á húsnæði og gera grein fyrir þeim breytingum sem orðið hafa á aðstæðum hans og áhrif kunna að hafa á fyrirliggjandi mat á þeim.

Leigutaki skal upplýsa starfsmenn verði breytingar á aðstæðum hans sem áhrif kunna að hafa á hvort skilyrðum reglna þessara sé fullnægt.

Ef leigutaki gengur í hjúskap, hefur sambúð eða aðstæður hans breytast með öðrum hætti á leigutímanum, skal hann tilkynna það til bæjarritara, enda forsendur aðrar en þegar að úthlutun kom. Kanna skal reglulega hvort aðstæður leigutaka hafi breyst samkvæmt upplýsingum úr þjóðskrá.

Hafi aðstæður leigutaka breyst skal hafa samband við hann og eftir atvikum skal kenna félagslegar og fjárhagslegar aðstæður í heild sinni og meta að nýju. Ef félagslegar aðstæður leigutaka eða fjárhagsaðstæður falla eigi lengur að skilyrðum reglna þessara leiðir það til afturköllunar á stjórnvaldsákvörðun um úthlutun á félagslegu leiguþúsnæði.

Leigutaki félagslegs leiguþúsnæðis skal eiga lögheimili í leiguþúsnæðinu óslitið á leigutíma.

Rangar eða villandi upplýsingar

Ef sannreynnt er við meðferð málss að upplýsingar sem umsækjandi hefur veitt eru rangar eða villandi, stöðvast afgreiðsla umsóknarinnar á meðan notanda er gefið tækifæri á að leiðréttu eða bæta úr annmörkum.

Ef umsókn um úthlutun félagslegs íbúðarhúsnæðis er lögð fram á grundvelli rangra eða villandi upplýsinga af hálfu umsækjanda veldur það ógildi umsóknar eða getur leitt til afturköllunar ákvörðunar.

14. gr. Milliflutningur

Óski leigutaki eftir flutningi úr núverandi leiguþúsnæði í aðra leiguþúð á vegum Snæfellsbæjar er mál hans tekið fyrir á sama hátt og um nýja umsókn væri að ræða og út frá sömu skilyrðum.

Viðbót velferðarnefndar:

Umsækjandi um milliflutning þarf að uppfylla skilyrði 3. gr. og fara skal fram sérstakt mat á aðstæðum hans.

Ef fjölskyldustærð leigutaka hefur minnkað frá úthlutun getur sveitafélagið óskað eftir að hann flyttist í minni íbúð. Náist ekki samkomulag um flutning milli íbúða er heimilt að segja upp leiguíbúð og bjóða aðra minni.

Eftir að umsókn hefur verið skilað inn fær umsækjandi um flutning bréf til staðfestingar á umsókninni og hvort hún hafi verið metin gild eður ei.

Sé leigutaki í vanskilum við Snæfellsbæ kemur umsókn um milliflutning aðeins til greina að leigutaki hafi gert full skil á vangoldnum leigugreiðslum eða að um skuldina hafi verið samið.

VI. Kafli

Umgengni og viðhald

15. gr.

Ástand íbúða

Umsjónarmaður fasteigna Snæfellsbæjar sér um framkvæmd viðhalds leiguíbúða sveitarfélagsins. Umsjónarmaður tekur út ástand íbúða við upphaf og lok leigu.

Skyldur leigutaka eru nánar útlistaðar í leigusamningi, reglum viðkomandi húsfélags og í húsaleigulögum nr. 36/1994.

VII. Kafli

Málskot til velferðarnefndar

16. gr.

Kvartanir

Komi upp kvartanir um leigjendur í félagsleigum leiguíbúðum ber bæjarstjóri/bæjarritari ábyrgð á að bregðast við slíku í samræmi við verklagsreglur vegna kvartana leigjenda.

Séu leigjendur ósáttir með viðbrögð starfsfólks Snæfellsbæjar má skjóta ákvörðunum til velferðarnefndar til frekari úrlausna.

Brot á reglum húsfélaga leiða til áminningar og loks til uppsagnar leigusamnings ef um er að ræða endurtekin brot.

Viðbót velferðarnefndar:

18. gr.

Afturköllun stjórnvaldsákvörðunar um úthlutun húsnæðis

Réttur Sveitarfélagsins í þeim undantekningartilfellum þegar sveitarfélagið er leigusali, til afturköllunar ákvörðunar um úthlutun félagslegs leiguþúsnæðis er bundinn við þau tilvik þegar leigutaki uppfyllir ekki skilyrði reglna þessara, eða brýtur gegn ákvæðum leigusamnings eða ákvæðum húsaleigulaga nr. 36/1994 að öðru leyti.

19. gr.

Varðveisla gagna og trúnaður

Gögn er varða persónulega hagi einstaklinga skulu varðveitt með tryggilegum hætti. Hafi starfsmenn kynnst einkahögum umsækjanda eða annarra í starfi er þeim óheimilt að fjalla um þau mál við óviðkomandi nema að fengnu samþykki viðkomandi. Trúnaður helst eftir að látið er af starfi.

Afturköllun stjórnvaldsákvörðunar um úthlutun húsnæðis

Réttur Sveitarfélagsins í þeim undantekningartilfellum þegar sveitarfélagið er leigusali, til afturköllunar ákvörðunar um úthlutun félagslegs leiguþúsnæðis er bundinn við þau tilvik þegar leigutaki uppfyllir ekki skilyrði reglna þessara, eða brýtur gegn ákvæðum leigusamnings eða ákvæðum húsaleigulaga nr. 36/1994 að öðru leyti.

17. gr.

Umsókn hafnað

Ákvörðun um synjun á umsókn má skjóta til velferðarnefndar Snæfellsbæjar. Skal það gert skriflega og eigi síðar en 4 vikum eftir að viðkomandi barst vitneskja um ákvörðun.

Sé niðurstaða óhagstæð umsækjanda skal hún skýrð og rökstudd skriflega og umsækjandi upplýstur um rétt til málskots og málskotsfrest. Sé umsókn hafnað fær umsækjandi sent skriflegt svar án dráttar, þar sem færð eru rök fyrir ákvörðuninni.

**VIII. Kafli
Gildistaka**

18. gr.

Gert er ráð fyrir að endurskoðaðir verði núverandi leigusamningar vegna leiguþúða sveitarfélagsins með hliðsjón af þessum reglum.

Reglur þessar gilda frá 8. desember 2022.

Samþykkt í velferðarnefnd Snæfellsbæjar,

xx.xx 2022

**Samþykkt í bæjarstjórn Snæfellsbæjar,
8. desember 2022**

Viðbót velferðarnefndar:

Okkur langar mjög að sjá svona sjáanlegan mælikvarða til að hægt sé að útiloka að fólk haldi að hér sé látnar íbúðir eftir henntu semi. Sendi með 3 gerðir sem við fundum. En skalinn er misjafn og hægt að hafa hjá okkur það sem við teljum skipta máli. Her er dæmi um stigagjöf.

Umsóknir skulu metnar samkvæmt ákveðnum matsviðmiðum, sbr. fylgiskjal 1 með reglum þessum. Við lok mats eru reiknuð stig fyrir hvern þátt fyrir sig. Til þess að umsókn verði samþykkt á biðlista þarf umsækjandi að vera metinn til að lágmarki eftirfarandi stiga: Einstaklingur/hjón/sambúðarfólk til 5 stiga eða meira. Einstaklingur/hjón/sambúðarfólk með 1 barn til 7 stiga eða meira. Einstaklingur/hjón/sambúðarfólk með tvö börn eða fleiri til 8 stiga eða meira.